

Samantekt lýsingar

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1129 og grein 3 í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) 2019/979.

Inngangur og varnarorð

Samantektin skal lesin sem inngangur að lýsingu SEL II hs. (hér eftir „SEL II“, „útgefandinn“ eða „sjóðurinn“) sem samanstendur af þessari samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettum 28. maí 2025 (hér eftir „lýsing“).

Fjárfestir skal taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfum SEL II á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í skuldabréfum útgefanda. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. (hér eftir „Arion banki“ eða „bankinn“) var ráðin af útgefanda til þess að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og fékk Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaárekstra umsjónaraðila við SEL II.

Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi skuldabréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku skuldabréfa SEL II til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	SEL II hs.
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Vefsíða:	https://www.stefnir.is/
Símanúmer:	+354 444-7400
LEI númer:	254900EF2NH3QIFGE717
Auðkenni útgáfu:	SEL2 28 7
ISIN:	IS0000036895
Rekstraraðili:	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna:	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsing dagsett:	28. maí 2025

Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandi verðbréfanna er SEL II hs., kt. 510724-9840, LEI 254900EF2NH3QIFGE717, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi og er stofnaður, skráður og starfræktur sem hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og er sjóðurinn eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Stefnir hf. (hér eftir „Stefnir“) er rekstraraðili sjóðsins og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til reksturs á sérhæfðum sjóðum skv. lögum nr. 45/2020 og verðbréfasjóðum skv. lögum nr. 116/2021.

Starfsemi útgefanda felst í því að fjárfesta í fjármálagerningum í samræmi við reglur sjóðsins. Til að fjármagna sjóðinn gaf útgefandi út skuldabréfaflokkinn SEL2 28 7. Samkvæmt reglum sjóðsins sem voru samþykktar þann 25. júní 2024, með breytingum gerðum 11. nóvember 2024 og 20. mars 2025 er meginmarkmið sjóðsins að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur, hlutabréf, verðbréfasjóði, eða körfur af hlutabréfum, jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða, innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringar. Fjárfestingarstefnan kveður á um að hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðslufærni vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Afleiður sem sjóðurinn notar eru einkum valréttir. Eigandi allra hlutdeildarskírteina er sjóðurinn Stefir – ÍS 5 hs., kt. 430407-9610. Sjóðurinn er sérhæfur sjóður eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta og er í rekstri Stefis hf. Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé undir beinum eða óbeinum yfirráðum eða stjórn einhvers eins aðila né um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Stjórn og framkvæmdastjórn er í höndum rekstraraðila útgefanda. Jón Finnbogason er framkvæmdastjóri rekstraraðila. Sjóðsstjórar útgefanda eru tveir, þeir Per Matts Henje og Róbert Vilhjálmur Ásgeirsson og eru þeir staðgenglar hvors annars.

Endurskoðendur útgefanda á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari og ná frá 1.1.2025 til 31.03.2025 var Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi og fyrir þeirra hönd Gunnar Þorvarðarson, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann¹

Í töflunum hér að neðan má sjá rekstrarreikning og efnahagsreikning útgefanda

Rekstrarreikningur²	1.1-31.3 2025
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	12.581
Rekstrargjöld samtals	12.598
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	(17)
Efnahagsreikningur³	31.3 2025
Heildareignir	29.132.208
Heildarskuldir	29.132.125
Hrein eign í lok tímabilsins	
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina	100
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins	0,83

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð á á rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Engar mikilvægar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. mars 2025 til dagsetningar lýsingar.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga, kjarasamningar og staða helstu atvinnugreina hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Helstu eignir SEL II eru skuldabréf útgefin af Arion banka sem eru bréf útgefin í bandaríkjadólar og jafnframt á sjóðurinn afleiðu sem tekur mið af erlendri hlutabréfavísitölu og uppgjör fer fram í bandaríkjadólar. Hluti eigna sjóðsins er fólgin í afleiðusamningi sem miðast við erlenda hlutabréfavísitölu MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO) sem tekur mið af stórum og miðlungsstórum félögum sem skráð eru á markað í 23 þróuðum löndum. Vísitalan samanstendur af 1.395 félögum og vísitalan tekur til um það bil 85% af heildarmarkaðsvirði félaga í hverju landi, að teknu tilliti til hluta sem er í frjálsu floti.⁴ Efnahagsástand, fjárhagsstaða fyrirtækja, og þróun hlutabréfamarkaða á erlendum mörkuðum er áhætta fyrir sjóðinn og þróun þessara þátta hefur áhrif á verðmæti eigna sjóðsins. Þegar almennar efnahagsaðstæður versna bæði innanlands og erlendis getur það haft áhrif á verðmæti eigna og skulda sjóðsins, getu mótaðila til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart sjóðnum og í framhaldinu getu SEL II til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart eigendum að skuldabréfunum.

Markaðsáhætta og sértæk áhætta skuldabréfanna

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerninga sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði

¹ Samanburðarupplýsingar eru ekki til þar sem sjóðurinn var stofnaður árið 2025.

² Fjárhæðir eru í bandaríkjadóllum

³ Fjárhæðir eru í bandaríkjadóllum

⁴ Vísað er til MSCI Word Index (USD) Index Factsheet <https://www.msci.com/www/fact-sheet/msci-world-index/05830501>

bréfanna. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum þ.m.t. skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Virði skuldabréfanna endurspeglar af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæka áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu á að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinni. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

Sértæk áhætta útgefanda

Útgefandi er hlutdeildarsjóður og er sjóðurinn eingöngu markaðssettur fagfjárfestum. Sjóðurinn hefur rúmar fjárfestingarheimildir til fjárfestinga í öllum fjármálagerningum sé það gert í þeim tilgangi að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Fjárfestingarstefna sjóðsins er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendra fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavisitölur, hlutabréf, verðbréfasjóði eða körfur af hlutabréfum, jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða, innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringar. Hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Greiðslur af skuldbindingum útgefanda er alfarið háð greiðsluflæði af fjárfestingum hans. Kröfuhafar sjóðsins geta eingöngu beint kröfum sínum að útgefanda og er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum rekstraraðila og sjóðum vegna þess. Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Rekstraraðili ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og er ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta eða heild. Hlutdeildaskirteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins og stjórn og starfsmenn rekstraraðila bera ekki ábyrgð á tjóni sem sjóðurinn kann að vera fyrir, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna háttsemi sem telst til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddögum. Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjáráhætta er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn fjárfestir í. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum. Greiðslugetan er einnig háð þróun á eignavirði fjármálagerninga í eigu útgefanda en lækkun á eignavirði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í getur haft neikvæð áhrif á greiðslugetu sjóðsins. Samkvæmt reglum útgefanda skal hann fjárfesta með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út og hlutföll fjárfestinga sjóðsins skal miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði skuldbindinga sjóðsins. Þrátt fyrir þetta markmið er ekki hægt að fullyrða að greiðsluflæði útgefanda muni standa undir skuldbindingum hans. Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins er ekki heimild til að fresta greiðslum á lokagjalddaga skuldabréfsins, en bréfið er vaxta og afborgunarlaust fram að lokagjalddaga. Ef þörf er á getur útgefandi hins vegar kallað til fundar með skuldabréfaeigendum og óskað eftir skilmálabreytingu á skuldabréfaflokki. Til þess að samþykkja skilmálabreytingu þarf samþykki 66,67% eigenda útgefinna skuldabréfa flokksins miðað við fjárhæð skuldabréfaflokksins. Eignir sjóðsins við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru skuldabréf, afleiða og lausafé í bandaríkjadólar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér eignirnar og mótaðilann. Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni verðbréfa þ.e. að verð verðbréfa, vísitalna og gjaldmiðla sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka verðbréfa sveiflist. Margvísleg önnur atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum og þá skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand hérlendis og erlendis, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Hætta er á tapi hjá

útgefanda vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á fyrrgreindum markaðsbreytum. Virði skuldabréfanna endurspeglast af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæku áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði verðbréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði verðbréfanna. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflast eða markaðsverð erlendra gjaldmiðla. Fyrrgreindar sveiflur geta haft áhrif á afkomu sjóðsins eða virði fjármálagerna.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í fjármálagerningi geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Standi mótaðilar útgefanda í fjármálagerningnum ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á fjárhag útgefanda og þar með getu hans til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skuldabréfunum enda er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Arion banki er mótaðili sjóðsins vegna allra skuldbindinga sjóðsins og felur það í sér áhættu ef Arion banki getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eignirnar eru skuldabréfaútgáfa í flokknum ARION 28 0725 þar sem Arion banki er útgefandi skuldabréfsins og mótaðili sjóðsins, umsýslusamningur við Arion banka (hér eftir „samningurinn“) og innlán. Skilmálar samningsins kveða á um að bankinn hafi milligöngu um kaup á OTC-valrétti af J.P. Morgan SE („JPM“). Það felur í sér áhættu fyrir sjóðinn ef mótaðili Arion banka í afleiðusamningnum stendur ekki við umsamdar skuldbindingar þar sem greiðsluskylda Arion banka gagnvart sjóðnum takmarkast við greiðslur sem sannanlega berast bankanum frá JPM samkvæmt afleiðusamningnum.

Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Tegund og flokkur verðbréfa	Verðbréfin sem taka skal til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hf. og eru skuldabréf útgefin í bandarískum dollurum af SEL II með auðkennið SEL2 28 7. Skuldabréfin eru að fjárhæð 32.290.000 USD og eru að nafnvirði gefin út í 1.000 USD nafnverðseiningum og rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Skuldabréfin bera enga vexti og eru eingreiðslubréf með lokagjalddaga 26. júlí 2028. Greiðsla á lokagjalddaga fyrir hverja nafnverðseiningu er tvískipt. Annars vegar er hver nafnverðseining margfölduð með höfuðstólstryggingu (Principle Protection) og miðast greiðslan á þessum lið við 85% af hverri nafnverðseiningu. Hinn hluti greiðslunnar er háð virði hækkunarstuðuls og kemur aðeins til greiðslu ef gildi MSCI World Index vísitölunnar, reiknað út frá einföldu meðaltali (e. Arithmetic average) opinberra dagslokagilda vísitölunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO Index) þann 21. apríl 2028, 19. maí 2028, 16. júní 2028 og 21. júlí 2028, er hærra en það var samkvæmt opinberu dagslokagildi vísitölunnar MSCI World Index á útgáfudegi skuldabréfsins þann 23. janúar 2025 eða 3.856,17, eins og samið er um í afleiðusamningnum. Engin greiðsla á sér stað skv. þessum lið ef framangreint meðaltal vísitölunnar er lægra en það var við lokun markaða þann 23. janúar 2025. ISIN númer skuldabréfanna er IS0000036895.
Réttihæð verðbréfanna	Kröfur skuldabréfaeigenda samkvæmt skuldabréfaflokki þessum eru ávallt jafnréttháar (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Þegar kemur að forgangs röðun skuldabréfanna gagnvart öðrum kröfuhöfum sjóðsins vísast til reglna sjóðsins sem kveður á um að greiðslum til sjóðsins ráðstafað af sjóðnum í eftirfarandi röð: - Til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýslupóknana skv. 7. gr. regla sjóðsins og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans. - Í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út. - Til greiðslu breytanlegrar þóknunar sjóðsins skv. 7. gr. reglna sjóðsins - Til innlausnar á hlutdeildarskírteinum skv. 1. mgr. 8. gr. Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum og þau verða einungis innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala og gera upp allar kröfur skv. a) og c) lið hér að ofan. Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en

	til trygginga á greiðslum á skuldabréfum.
Takmörk á framsali	Engar takmarkanir eru á framsali skuldabréfa. Framselja skal skuldabréfin til nafngreinds aðila. Komi til viðskipta með skuldabréfin á eftirmarkaði og slík viðskipti eiga að fara fram í USD þá þarf greiðsla á milli aðila að fara fram utan kerfis verðbréfamistöðvar og framsal bréfanna í kerfi verðbréfamistöðvar að vera án greiðslu. Vilji aðilar eiga viðskipti með skuldabréfin á eftirmarkaði og láta uppgjör fara fram í gegnum kerfi verðbréfamistöðvar þá þarf slíkt uppgjör að eiga sér stað í ISK miðað við gengi ISK gagnvart USD á viðkomandi degi.
Gjaldfelling vegna vanskila og gjaldfellingarheimildir	Hafi greiðsla ekki verið greidd á lokagjalddaga skuldabréfanna er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni upphæð. Undantekning er ef lokagjalddagi skuldabréfanna er á helgi eða almennum frídegi, þegar bankar eru lokaðir, og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir lokagjalddaga og útgefandi ekki gripið til ráðstafana til þess að efna skuldbindingar sínar, er skuldabréfaeiganda heimilt, eftir að hafa sent tilkynningu um slíkt til útgefanda og til Nasdaq Iceland hf., að gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7. gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga eða eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppboði fellur skuldabréfaútgáfan í gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust. Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfellaútistandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni ef annað hvort (eða bæði) eftirfarandi tilfella eiga sér stað: a) Brotið er gegn ákvæði 1. mgr. (e. pari passu) með því að veita tilteknum skuldabréfaeigendum sérstaka tryggingu eða greiðslu umfram aðra skuldabréfaeigendur. b) Útgefandi skráir ekki skuldabréfið á Aðalmarkað Nasdaq Iceland innan 6 mánaða frá útgáfu skuldabréfs. Gjaldfelli eigandi skuldabréfs í skuldabréfaflokksnum kröfu sína í samræmi við ákvæði skuldabréfaflokksins áður en til skráningar kemur skal útgefandi upplýsa aðra skuldabréfaeigendur um slíka gjaldfellingu.
Tryggingar:	Skuldabréfin eru án trygginga.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Stjórn rekstraraðila SEL II mun óska eftir því að öll útgefin skuldabréf í flokknum SEL2 28 7 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin?

Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu. Eigendur skuldabréfa geta tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í skuldabréfum í heild eða að hluta. Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum. Auk markaðsáhættu felur fjárfesting í skuldabréfum í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili í samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur. Aðrir áhættuþættir fylgja einnig fjárfestingu í skuldabréfum sem tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndartilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum útgefanda. Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandinn sig til að greiða þau á gjalddaga. Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum og eignum sjóðsins er ætlað að standa undir greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjárahætta er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn fjárfestir í. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti mun það hafa neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfum útgefanda. Greiðslugetan er einnig háð þróun á eignavirði fjármálagerninga í eigu útgefanda en lækkun á eignavirði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í getur haft neikvæð áhrif á greiðslugetu sjóðsins. Samkvæmt reglum útgefanda skal hann fjárfesta með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufláði vegna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út og hlutföll fjárfestinga sjóðsins skal miða út frá að mæta og tryggja greiðslufláði skuldbindinga sjóðsins. Þrátt fyrir þetta markmið er ekki hægt að fullyrða að greiðslufláði útgefanda muni standa undir skuldbindingum hans. Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er m.a. sú að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með eignum sjóðsins. Standi mótaðilar útgefanda hins vegar ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á getu útgefanda til að standa skil á greiðslum til fjárfesta skv. skilmálum skuldabréfanna enda er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðslufláði skuldabréfanna. Ekki hægt að útiloka að mótaðilar standi ekki við gerð samninga. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa í skilum á sínum skuldbindingum. Motaðilaáhætta getur einnig falist í því að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst er og valdi því að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma. Fyrirgreint getur haft neikvæð áhrif á getu útgefanda til að standa í skilum á sínum skuldbindingum.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerningum sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum þ.m.t skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir. Virði skuldabréfanna endurspeglar af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæka áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

Vaxtaáhætta

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af innlendri fjármálastofnunum. Heildareignir útgefanda eru að mesta leyti almenn skuldabréf útgefin af Arion banka gefin út undir EMTN útgáfuramma í flokknum ARION 28 0725 með útgáfumynt í bandaríkjadólar. Skuldabréfið ber ekki vexti. Lokagjalddagi flokksins er 25. júlí 2028. Vaxtaáhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði útgefanda. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Sú staða getur þó myndast að ávöxtun félagsins verði hærri eða lægri en markmið þess segja til um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Áætlað er að eign sjóðsins í skuldabréfum útgefin af Arion banka í flokki ARION 28 0725 standi undir 85% af höfuðstól SEL2 28 7 á lokagjalddaga.

Áhætta tengd afleiðum

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða. Sjóðurinn á afleiðu tengda vísitölunnar MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO). Hlutfall eigna sjóðsins tengdum afleiðum sveiflast í takt við verðbreytingar undirliggjandi eigna. Virði eigna útgefanda í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu á MSCI World Index hlutabréfamarkaði er háð gengisþróun hlutabréfavísitölunnar og mun þróun hennar því hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði þeirra eigna útgefanda sem tengdar eru við vísitöluna og getur jafnvel leitt til þess að virði afleiðunnar verði að engu. Endurgreiðsla SEL2 28 7 er að hluta háð gengi MSCI World Index vísitölunnar eins og fram kemur í skilmálum skuldabréfanna. Ef gildi MSCI World Index hlutabréfavísitölunnar, reiknað út frá meðaltali fjögurra dagslokagilda vísitölunnar þann 21. apríl 2028, 19. maí 2028, 16. júní 2028 og 21. júlí 2028, er hærra en það var við lokun markaða þann 23. janúar 2025 mun sjóðurinn fá greitt í samræmi við efni

afleiðusamningsins. Ef framangreint meðaltal vísitölunnar er lægra en það var við lokun markaða þann 23. janúar 2025 verður greiðsla skv. afleiðusamningnum engin.

Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinn. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

Áhætta við gjaldprot

Skuldabréfaflokkurinn fellur á gjalddaga einhliða og fyrirvaralaust ef fjárnám er gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga eða eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði. Útgefandi getur þó haldið uppi eðlilegum vörnum ef krafa á sér ekki eðlileg rök. Verði skuldabréfaflokkurinn gjaldfelldur vegna vanskila má jafnframt gera aðför hjá útgefanda til fullnustu skuldarinnar, án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1.gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að undangenginni greiðsluáskorun skv. 7 gr. laganna. Auk þess að ná til höfuðstól skuldarinnar nær aðfaraheimildin þar að auki til dráttarvaxta auk alls kostnaðar af innheimtuaðgerðum, sbr. 2. mgr., 1.gr. laga nr. 90/1989. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna fela skuldabréfin ekki í sér bein veð en ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni og skal greiðslum ráðstafað í samræmi við reglur sjóðsins. Kröfur skuldabréfaeiganda samkvæmt SEL2 28 7 eru jafn réttáár (e. pari passu) innbyrðis. Óheimilt er að veita einstökum skuldabréfaeigendum sérstakar tryggingar fyrir greiðslu þeirra eða inna af hendi greiðslu nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigenda. Ef ágreiningsmál rísa út af skuldabréfaflokknum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. reglum XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markað

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Sótt verður um töku skuldabréfaflokksins SEL2 28 7 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland í kjölfar þess að lýsingin er staðfest. Útgefin og seld skuldabréf í flokknum eru að fjárhæð 32.290.000 USD að nafnverði. Enginn viðbótarkostnaður féll á kaupendur skuldabréfa á útgáfudegi fyrir tilstuðlan útgefanda eða seljanda, fyrir utan afgreiðslugjald sem nam 12 USD á hvern kaupanda. Kauphöllin mun tilkynna opinberlega ef skuldabréfin verða tekin til viðskipta og hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin á Aðalmarkað Nasdaq Iceland verður. Tilkynning Kauphallar verður gerð með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa með auðkenni SEL2 28 7 til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Söluandvirði skuldabréfanna er 32.290.000 USD og rann söluandvirðið óskipt til útgefanda og var ráðstafað í fjárfestingar í samræmi fjárfestingastefnu útgefanda og rekstur. Áætlaður heildarkostnaður vegna töku skuldabréfanna til viðskipta er um 10 m.kr. og greiðist af félaginu.

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Stefnis hf. og Arion banka vegna töku skuldabréfa SEL II hs. til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Arion banki er eigandi Stefnis hf. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka 99,93% og Gen hf. 0,07%. Gen hf. er alfarið í eigu Arion banka. Stefnir er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ber að sinna þeim skyldum í tengslum við umsýslu sjóðsins sem þar er kveðið á um. Fyrir það greiðir útgefandi Stefni þóknun eins og hún er ákveðin í reglum útgefanda sem felst í umsýsluþóknun rekstraraðila og breytanlegri þóknun. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans og eru þeir starfsmenn Stefnis. Arion banki er vörsluaðili sjóðsins og sér um bókhald og innheimtu fyrir sjóði í rekstri Stefni ásamt því sem útvistunarsamningur er milli Stefnis og Arion banka. Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Arion banka hf. þóknun. Arion banki er viðskiptabanki útgefanda og innstæður sjóðsins eru hjá bankanum. Arion banki er útgefandi skuldabréfaflokksins ARION 28 0725 sem er stærsta eign sjóðsins við dagsetningu þessarar samantektar. Einnig er Arion banki mótaðili SEL II í samningi milli bankans, SEL II og Stefnis f.h. SEL II um kaup á OTC-valrétti.